

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur nr. 3	Dagsetning:	8. október 2020	Tími: 12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Fundur haldinn á TEAMS		
Fundarstjóri:	MH		
Ritari:	ÁB		
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 8. október 2020

1. Fundargerð 2. september 2020

Fundargerð fundar stjórnar þann 2. september 2020 samþykkt.

2. Niðurstaða könnunarinnar

Farið yfir niðurstöður könnunarinnar og skjal sem KS tók saman. Nú þegar hefur verið brugðist við ýmsum ábendingum t.d. varðandi heimasíðu félagsins almennt og upplýsingar um réttindi forstöðumanna.

3. Félagsfundur í október

Fyrirhugað var að halda félagsfund nú í október. Ýmsar góðar tillögur að efni komu fram í könnun félagsins, svo sem um verkefnið styttingu vinnutíma og mannauðsstjórnun á tímum COVID. Vegna erfiðrar stöðu sökum COVID-19 er ákveðið að fresta félagsfundi þar til birtir til.

Umræður um verkefnið stytting vinnutíma: Stofnanir eru almennt komnar miklu styttra áleiðis en stefnt var að. Marga stofnanir með mörg stéttarfélag sem flækir málið. Ekki séð að það náist að innleiða þetta hjá öllum stofnunum fyrir 1. janúar 2021. Væri gott að heyra í þeim sem hafa innleitt þetta og þar sem þetta hefur gengið vel. Kjara- og mannauðssýslan sem leiðir verkefnið, hefur haldið vikulega fundi á TEAMS. Að mati stjórnar er ekki brýn þörf á fræðslu um verkefnið af hálfu FFR á þessum tímapunkti. Ákveðið að minna forstöðumenn á þessa fundi en þeim var öllum boðið á þá.

Umræður um fræðslu til félagsmanna: Mannauðsstjórnun á tímum COVID-19. Verkefnastjórnun á tímum COVID. Athugandi að kanna hvort að ráðgjafar/ráðgjafafyrirtæki gætu komið með efni um þetta og þá væri æskilegt að fá einhvern sem er uppfullur af hugmyndum og jákvæðni/peppari í mannauðsstjórnun/verkefnastjórnun. Í raun vantar hvatningu til forstöðumanna frá t.d ráðherrum. Mörgum forstöðumönnum veitir ekki af hvatningu og klappi á bakið.

Höfum augu og eyru opin fyrir góðum ráðgjafa og ekki síður ef stjórnarmenn vita af reynslusögum frá fyrirtækjum og stofnunum. Til dæmis fyrirtæki sem er vant að vera með

starfsstöðvar um allan heim, eða starfsstöðvar um allt land. Mögulega væri hægt að leita til Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi.

4. Samanburður á starfskjörum og starfsöryggi forstöðumanna og annarra

Benedikt Jóhannesson ráðgjafi hefur tekið að sér að greina starfskjör og starfsöryggi forstöðumanna og gera samanburð við ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. MH og DH munu funda með BJ ásamt Hrafnkeli Gíslasyni forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar.

5. Reglur og framkvæmd vegna endurráðninga í störf forstöðumanna

Stjórn telur að almennt séu ekki fastar reglur um endurráðningar í störf forstöðumanna. Umræður um hvort að FFR ætti að beita sér fyrir þessu. Vitað að umhverfis- og auðlindaráðuneytið er með verklagsreglur um endurskipan forstöðumanna. Spurning hvort fleiri ráðuneyti hafi slíkar reglur.

Allir forstöðumenn eiga að fá viðtal hjá ráðherra árlega. Ráðherrar ættu að hafa upplýsingar um hvernig forstöðumenn eru að standa sig. Byrja á því að kalla eftir einhverju svona?

Ekki mikið um að forstöðumenn séu að fá fundi með ráðherra, alla vega miðað við stjórnarmenn. Ættum við ekki að koma með tillögur?

Spurning hvort að ráðuneytin gætu ekki nýtt stofnanirnar nægilega mikið sem tól. Samtal við ráðuneytið einu sinni á ári, er svolítið eins og tikka í box. Ráðuneytin eiga að nota stofnanirnar meira sem tól til að ná einhverju fram.

Stjórn mun halda áfram að skoða þetta mál.

6. Önnur mál:

- Fyrirhugað fjölmiðlanámskeið í október er uppbókað. Bætt var við námskeiði í nóvember sem jafnframt er uppbókað og kominn biðlisti.
- Samráðsfundir við KMR hafa legið niðri. DH mun hafa samband og kanna stöðuna.